

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um starfsemi stjórnmalasamtaka, nr. 162/2006 (bein framlög frá lögaðilum).

Flm.: Björn Leví Gunnarsson, Andrés Ingi Jónsson,
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Ásthildur Lóa Þórsdóttir,
Eyjólfur Ármannsson, Gísli Rafn Ólafsson, Guðmundur Ingi Kristinsson,
Halldóra Mogensen, Inga Sæland, Tómas A. Tómasson,
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

1. gr.

1.–3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Stjórnmalasamtökum er óheimilt að taka á móti beinum framlögum frá lögaðilum. Allir afslættir lögaðila af vörum og þjónustu sem veittir eru af markaðsverði skulu sérgreindir í reikningum. Lögaðilar sem inna af hendi einhvers konar framlög til stjórnmalasamtaka eða frambjóðenda, í formi afsláttar eða hvers konar efnislegra gæða, skulu sérgreina heildarfjárhæð slíkra framlaga í ársreikningum sínum og gera Ríkisendurskoðun sérstaklega grein fyrir þeim afslætti. Telja skal saman framlög tengdra aðila. Afslættir mega ekki vera umfram það sem öðrum viðskiptavinum stendur almennt til boða.

Stjórnmalasamtökum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að 550.000 kr. á ári. Stjórnmalafélögum innan samstæðu stjórnmalasamtaka er þó heimilt að taka á móti framlögum frá einstaklingum umfram þetta, samtals að hámarki 100.000 kr. Frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að 400.000 kr. á ári.

Stofnframlög, þ.e. framlög frá lögráða einstaklingum sem eru veitt í beinum tengslum við stofnun stjórnmalasamtaka, mega að hámarki nema sem svarar til tvöföldu hámarksframlagi skv. 1. málsl. 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi taka strax gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var áður lagt fram á 153. löggjafarþingi (29. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Markmið laga nr. 162/2006 er skv. 1. gr. „að auka traust á stjórnmalastarfsemi, tryggja starfsskilyrði og sjálfstæði stjórnmalasamtaka og efla lýðræði og gagnsæi stjórnmalasamtaka“. Fram kemur í greinargerð frumvarps til þeirra laga að markmiðið sé jafnframt að berjast gegn spillingu. Núverandi löggjöf stuðlar að ójafnræði borgaranna þegar kemur að styrkjum til stjórnmalasamtaka. Kveðið er á um hámarksfjárhæðir sem stjórnmalasamtök mega taka á móti frá einstaklingum annars vegar og lögaðilum hins vegar í 7. gr. laganna. Tilgangur með hámarksfjárhæðum er sá að enginn einn aðili geti í krafti fjárhagsstöðu sinnar styrkt stjórn-

málasamtök um það háar fjárhæðir að hætta skapist á spillingu. Hætt er við að stjórnálasamtök eða stjórnáalafólk freistist til að gæta frekar hagsmuna styrktaraðila umfram hagsmuni almennings þegar svo stendur á. Því er mikilvægt að borgararnir njóti jafnræðis þegar kemur að styrkveitingum.

Þeir einstaklingar sem eiga fyrirtæki geta ekki aðeins styrkt stjórnálasamtök persónulega heldur einnig í krafti fyrirtækja sinna. Þetta fyrirkomulag er ólíðandi í lýðræðissamfélagi og fer í raun þvert á markmið laganna um að tryggja gagnsæi, jafnræði og að berjast gegn spillingu. Því er lagt til í frumvarpi þessu að fella brott heimild lögaðila til að styrkja stjórnálasamtök og stjórnáalafólk með beinum hætti.

Fyrirtæki geta einnig styrkt stjórnálasamtök óbeint. Það er ekki óalgengt að fyrirtæki gefi jafnvel þjónustu sína eða veiti meiri afslátt en gengur og gerist gagnvart öðrum viðskiptavinum. Því er nauðsynlegt að það sé greint frá því á gagnsæjan hátt til þess að aðrir viðskiptavinir geti notið sömu kjara.